

## Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Frá Birgi Ármannssyni, Sigurði Kára Kristjánssyni,  
Bjarna Benediktssyni og Björgvini G. Sigurðssyni.

2. gr. orðist svo:

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar í sérstökum herbergjum eða á afmörkuðum svæðum á veitinga- og skemmtistöðum. Þessi rými skulu aðgreind frá öðru rými staðanna með þeim hætti að loftstreymi á milli sé í lágmarki, t.d. með veggjum eða gleri, og tryggja skal fullnægjandi loftræstingu í samræmi við reglur sem heilbrigðisráðherra setur, sbr. 6. mgr. Sala eða afgreiðsla veitinga er ekki heimil á svæðum þar sem reykingar eru leyfðar samkvæmt þessari málsgrein.